

Umsögn um áform um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi Lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum. Mál nr. S-178/2019 birt 11.07.2019 á Samráðsgátt.

Í skjali því sem birt er til umsagnar segir m.a. að áformað sé að löggjöfin tryggi að allir launagreiðendur greiði a.m.k. 11,5% mótframlag af launum til lífeyrissjóðs og að tryggt verði með lögum að allir sjóðfélagar eigi þess kost að nýta að hluta eða í heild 3,5% af lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóðs til öflunar réttinda í tilgreindri séreign.

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs tekur undir umsögn Gunnars Baldvinssonar, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins, um að lagabreytingar sem þessar þurfi að undirbúa vel með frekari greiningum þar sem könnuð yrðu áhrif þeirra á hag einstaklinga og hagkerfisins. Jafnframt tekur stjórnin undir með honum að skoða þarf tengingu lífeyrisgreiðslna úr samtryggingu og séreign við lífeyrisgreiðslur almennatrygginga með það að markmiðið að iðgjald hafi sömu áhrif á almennatryggingar án tillits til samsetningar lífeyrisréttinda.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld hafi í huga að flækja ekki lagasetningu um lífeyrissparnað að óþörfu og nema að vel undirbúnu máli. Tilurð tilgreindrar séreignar voru kjarasamningar SA/ASÍ um hækkun mótframlags launagreiðenda. Litlar skýringar eru að finna á tilurð tilgreindrar séreignar að öðru leyti og t.a.m. hvers vegna mismunandi reglur gilda um útgreiðslu séreignar og tilgreindrar séreignar. Stjórnvöldum ber að varast að taka upp í löggjöf eitthvað sem ekki er fullmótað og komst í framkvæmd við lítinn undirbúning. Rétt er að vekja athygli á því að hinn almenni sjóðfélagi á jafnan erfitt með að átta sig á muninum á séreign og tilgreindri séreign og erfitt hefur reynst að útskýra þær breytingar sem orðið hafa undanfarið með tilkomu tilgreindrar séreignar. Komi til breytinga á lífeyrissjóðalöggjöfinni kallar slíkt á vandaðan undirbúning svo að lífeyrissjóðir geti veitt greinargóða ráðgjöf til sinna sjóðfélaga.

Mikilvægt er að fyrirhuguð lagasetning verði ekki til þess að minnka svigrúm lífeyrissjóða til að bjóða mismunandi leiðir og val fyrir sjóðfélaga, en óljóst er með vísan til framangreinds skjals stjórnvalda hvort ætlunin sé að takmarka möguleika sjóðfélaga þannig að einungis verði hægt að færa hin umræddu 3,5% í tilgreinda séreign.

Áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs - jöfn ávinnsla / aldurstengd ávinnsla:

Miklar breytingar voru gerðar á A deild Brúar lífeyrissjóðs í kjölfar breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á árinu 2017, sem einnig höfðu áhrif á Brú lífeyrissjóð. Óljóst er með öllu hvernig og hvort framangreind áform stjórnvalda komi til með að hafa áhrif á réttindi eldri sjóðfélaga A deildar sem njóta svokallaðrar jafnrar ávinnslu, sem og áhrif á það uppgjör sem þegar hefur farið fram af hálfu launagreiðenda sem ætlað er að standa undir þeim réttindum sem eldri sjóðfélagar í A deild njóta. Um 15.000 sjóðfélagar í A deild eru með jafna ávinnslu lífeyrisréttinda. Vanda þarf vel til verka og gera greiningar áður en lengra er haldið. Möguleiki væri að bjóða nýjum sjóðfélögum A deildar sem njóta aldurstengdrar ávinnslu uppá samskonar valmöguleika og í V deild, samanber hér að aftan, þ.e. að færa hluta af mótframlagi launagreiðanda í séreign. Slík breyting myndi þó einnig kalla á ákveðnar greiningar og undirbúning.

Áhrif á V deild Brúar lífeyrissjóðs – möguleg neikvæð áhrif á valfrelsi sjóðfélaga:

Allt frá stofnun Brúar lífeyrissjóðs, eða frá árinu 1998, hefur sjóðfélögum í V deild sjóðsins staðið til boða að ráðstafa iðgjaldi umfram 12% iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar í viðbótartryggingavernd (séreignasparnað) skv. lögum nr. 129/1997. Sjóðfélagar hafa því getað ráðstafað hluta af mótframlagi launagreiðanda, nú 3,5% í séreign. Framkvæmdin hefur verið að öllu jöfnu þannig að mótframlagi hefur verið skilað og greitt til Brúar lífeyrissjóðs og sjóðurinn hefur síðan séð um að skila og greiða séreignina til viðkomandi sjóðs sem sjóðfélagi hefur samning við. Af rúmlega 4.600 virkum sjóðfélögum í V deild nýta rúm 38% sjóðfélaga sér þennan valmöguleika eða rúmlega 1.700 sjóðfélagar.

Áhrif á B deild Brúar lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkur

Vert er að vekja athygli á því að í dag eru enn stafræktir lífeyrissjóðir skv. undanþáguheimild 54. gr. laga nr. 129/1997. B deild Brúar lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfa á grundvelli laga nr. 129/1997, þ.á m. 2. gr. laganna sem kveður á um lágmarksiðgjald. Mótframlag launagreiðenda í umrædda B deildar sjóði, er í dag 8%. Í texta þeim sem vísað er til hér að ofan segir að áform stjórnvalda séu að allir launagreiðendur greiði a.m.k. 11,5% mótframlag af launum til lífeyrissjóðs og að allir sjóðfélagar eigi þess kost að nýta að hluta eða í heild 3,5% af lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóðs til öflunar réttinda í tilgreindri séreign. Ekki kemur fram í umræddu skjali hver afstaða stjórnvalda er til þeirra launagreiðenda og þeirra sjóðfélaga sem greiða í svokallaða B deildar sjóði. Sé það ætlun stjórnvalda að undanskilja sjóðfélaga umræddra B deildar sjóða þarf að gæta þess að áform um lagabreytingar falli að undanþáguákvæði 54. gr. þannig að ákvæði um óbreyttan iðgjaldagrundvöll þess ákvæðis standi. Sé það hins vegar ætlun stjórnvalda að hækkun á lágmarksiðgjaldi með möguleika á tilfærslu í séreign taki til umræddra B deildar sjóða þyrfti að fara fram ítarlegar greiningar á því hvernig slíkar breytingar hefðu áhrif á umrædda sjóði.



Í dag greiða að jafnaði um 520 sjóðfélagar iðgjöld í framangreinda sjóði og eiga þó nokkur ár eftir af inngreiðslutíma í sjóðinn.

Rangfærsla í fylgiskjali

Þá er rétt að benda á að rangfærsla er í fylgiskjali um mat á áhrifum breytinga á lögum um lífeyrissjóði í D lið hvað varðar mótframlag sveitarfélaga. Eftir breytingar sem urðu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á árinu 2017, sem einnig höfðu áhrif á Brú lífeyrissjóð hafa sveitarfélögin greitt, frá 1. júní 2017, 11,5% mótframlag.

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs hvetur stjórnvöld til þess að stíga varlega til jarðar og hraða ekki lagabreytingum án nægilegs undirbúnings. Vinna þarf að heildarendurskoðun lífeyrissjóðalöggjafarinnar í samstarfi við lífeyrissjóðina sjálfa.

Reykjavík, 4. september 2019
Fyrir hönd stjórnar Brúar lífeyrissjóðs,


Gerður Guðjónsdóttir
Framkvæmdastjóri
Þóra Jónsdóttir
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs